I. Til viðskiptaráðherra um bundnar innistæður í Seðlabanka Íslands.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hversu hárri fjárhæð námu bundnar innistæður banka, sparisjóða og innlánsdeilda hjá Seðlabanka Íslands um s. l. áramót?
Hvernig skiptist fé þetta eftir kjördæmum?

II. Til menntamálaráðherra um kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að kanna, hvort tök séu á að taka upp kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands, sbr. ályktun Alþingis 30. mars 1973?

III. Til samgönguráðherra um flugvöllinn í Aðaldal.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hvenær má vænta nauðsynlegra umbóta á flugvellinum í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu?

IV. Til iðnaðarráðherra um innlendar fiskiskipasmíðar.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að við notfærum okkur tæknilegar framfarir færeyskra skipasmíða?